

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna  
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

84. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn föstudaginn 13. maí 2022. Fundurinn sem er fjarfundur í Teams hófst kl. 13:00.

Á fundinum voru f.h. FT, Sigrún Grendal og Guðbjörg Sigurjónsdóttir.

F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga Rakel Guðmundsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár.

**1. Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum Starfsmenntunarsjóðs FT**

Stjórn starfsmenntunarsjóðs FT hefur lagt fram erindi þar sem óskað er eftir staðfestingu samstarfsnefndar á tillögum stjórnar um breytingar á samþykktum starfsmenntunarsjóðs FT og kynntar voru á samráðsfundi stjórnar með samningsaðilum þann 20. apríl 2022.

**Niðurstaða:**

Samstarfsnefnd er sammála neðangreindum tillögum um breytingar á styrkfjárhæðum Starfsmenntunarsjóðs FT og samþykkir að þær taki gildi frá og með 1. ágúst 2022:

A deild - Hámarksstyrkur í A deild hækkar og verður kr. 550.000.

B deild - Hámarksstyrkir í B deild hækka í kr. 1.250.000 og er þeim fjölgað úr sex í átta.

C deild – Hámarksstyrkur í C deild hækkar í kr. 175.000.

D deild - Hámark styrkhæfra ECTS eininga breytist úr 120 ECTS og verða 180 ECTS.

**2. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:15.